

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 29

5. árgangur

23.7.1998

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/29/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1190 – Amoco/Repsol/Iberdrola/Ente Vasco de la Energia).....	1
98/EES/29/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1239 – RWE-DEA/Fuchs Petrolub).....	2
98/EES/29/03	Málsmeðferð hafin (Mál nr. IV/M.1157 – Skansa/Scanem).....	2
98/EES/29/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1273 — Credit Suisse/Nikko/MSA).....	3
98/EES/29/05	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/JV.7 — Telia/Sonera/Lietuvos Telekomas).....	4

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1190 – Amoco/Repsol/Iberdrola/Ente Vasco de la Energia)

98/EES/29/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Amoco Power Resources Holding II Ltd., sem er undir stjórn bandaríska fyrirtækisins Amoco Power Resources Corporation (Amoco), spænsku fyrirtækin Repsol SA (Repsol), Iberdrola SA (Iberdrola) og Ente Vasco de la Energia (EVE) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Bahia de Bizkaia Electricidad, S.L. og Bahia de Bizkaia Gas S.L. sem eru tvö ný fyrirtæki um sameiginlegt verkefni skráð á Spáni. Tilkynnt aðgerð leiðir af samningum milli aðilanna sem að tilkynningunni stóðu um að þróa, smíða, fjármagna og starfrækja raforkuver og gasver í Bilbaó.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Amoco: smíði og rekstur raforkuvera, flutningur, dreifing og sala á rafmagni, framleiðsla og markaðssetning á hráolíu, jarðgasi, hreinsuðum afurðum og kemískum efnum,
 - Repsol: framleiðsla og markaðssetning á jarðolíuafurðum og öðrum orkuafurðum, þar með talið gas,
 - Iberdrola: framleiðsla, dreifing og sala á raforku og afleiðum,
 - EVE: starfar einkum á sviði orkumála.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 225, 18. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1190 – Amoco/Repsol/Iberdrola/Ente Vasco de la Energia, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1239 – RWE-DEA/Fuchs Petrolub)****98/EES/29/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin DEA Mineralöl AG (DEA), sem er undir stjórn RWE AG, og Fuchs Petrolub AG Öl + Chemie (Fuchs Petrolub) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Fuchs DEA Schmierstoffe GmbH & Co. KG (Fuchs DEA).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DEA: afurðir úr jarðolíu og jarðgasi,
 - Fuchs: smurolía,
 - Fuchs DEA: smurolía fyrir bílaiðnaðinn og annan iðnað, frostlögur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 225, 18. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1239 – RWE-DEA/Fuchs Petrolub, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Málsmeðferð hafin
(Mál nr. IV/M.1157 – Skansa/Scanem)****98/EES/29/03**

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. 7. 1998 að hefja málsmeðferð í fyrrnefndu máli eftir að hafa komist að niðurstöðu um að verulegur vafi leikur á að tilkynnt samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði. Málsmeðferðin leiðir síðan til frekari rannsóknar að því er varðar tilkynnta samfylkingu. Ákvörðunin byggist á c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4046/89.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samfylkingu á framfæri við sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

Til að hægt sé að taka mið af athugasemdunum verða þær að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 15 dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 225, 18. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 - 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til . IV/M.1157 – Skansa/Scanem, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.1273 — Credit Suisse/Nikko/MSA)**

98/EES/29/04

Framkvæmdastjórninni barst 15. 7. 1998 endanleg tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin CS Structured Credit Fund, Ltd („CS“), sem tilheyrir Credit Suisse-hópnum, og Nikko Europe ple („Nikko Europe“), sem tilheyrir Nikko Securities Co., Ltd-hópnum, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir MSA Acquisitions Co. Ltd, sem er alfarið undir stjórn Nikko Europe eins og sakir standa, með kaupum á hlutabréfum og ábyrgðum.

Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er, að því er varðar Nikko Europe, verðbréfasala og fjárfestingarþjónusta, og að því er varðar CS, fjárfestingar í verðbréfum, afleiddum skjölum og öðrum eignum. Viðskiptastarfsemi MSA Acquisitions felst í því að reka þjónustuvæði hraðbrauta í Breska konungsríkinu.

Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 231, 23. 7. 1998. Athugasemdir má senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1273 — Credit Suisse/Nikko/MSA, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/JV.7 — Telia/Sonera/Lietuvos Telekomas)**

98/EES/29/05

Framkvæmdastjórninni barst 17. júlí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Telia AB og Sonera Oy (áður nefnt Telecom Finland Ltd.) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu AB Lietuvos Telekomas („LT“) í krafti hins nýstofnaða fyrirtækis síns umsameiginlegt verkefni Amber Teleholding AB.

Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Telia: veitir fjarskiptaþjónustu, bæði í Svíþjóð og erlendis,
- Sonera: veitir fjarskiptaþjónustu, bæði í Finnlandi og erlendis,
- LT: veitir fjarskiptaþjónustu í Litháen.

Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtíð. EB nr. C 231, 23. 7. 1998. Athugasemdir má senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/JV.7 — Telia/Sonera/Lietuvos Telekomas, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate B — Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 BRUSSELS.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.